

Staðfesting konungs 4. marz 1912.

**Skipulagsskrá
fyrir Minningarsjóð Hannesar Hafsteins.**

1. gr.

Sjóður þessi, sem stofnaður er af íslenskum konum á fimmtugs afmæli H. Hafsteins, sem þakklætisvottur fyrir aðgerðir hans í því að útvega konum jafnrétti við karlmenn til náms og embætta, og nemur nú um áramótin 1.400 krónum, skal heita: Minningarsjóður Hannesar Hafsteins.

2. gr.

Sjóð þenna, ásamt því, sem við hann bætist eftirleidis með gjöfum og samskotum, vöxtum eður á annan hátt, skal fyrst um sinn ávaxta þannig, að kaupa fyrir hann bankavaxtabréf, innlagsskýrteini öðrum hvorum bankanna eða trygg verðbréf, er gefi sem beztan arð, eður vexti.

3. gr.

Vexti alla skal leggja við höfuðstól, þangað til sjóðurinn er orðinn fullar 3.000 kr., þá má úthluta hálfs árs vöxtum, þó eigi yfir 70 kr. á ári, uns sjóðurinn nemur 5.000 kr., en þá má útbýta 2/3 vaxtanna, má það gera þangað til sjóðurinn er orðinn 10.000 kr., þá má úthluta 3/4 hlutum vaxtanna á ári hverju, þangað til sjóðurinn er orðinn 25.000 kr., en úr því má úthluta öllum ársvöxtunum. Pyki ekki tilefni eða ástæða til eitthvert ár að útbýta neinu af vöxtunum, skal þá alla leggja við höfuðstól.

4. gr.

Vöxtum þeim, sem samkvæmt framanrituðum ákvæðum má úthluta úr sjóðnum, skal varið til styrktar íslenskum kvenmönnum, sem stunda nám við Háskóla Íslands, á þann hátt og eftir þeim reglum, sem háskólaráðið nánara ákveður. Skyldi svo að bera, þegar sjóðurinn hefir náð framanrituðu hámarki eða þar yfir, að eigi sé, að dómi háskólaráðsins, allajafna þörf á eða fullkomin ástæða til að verja fé sjóðsins á þann hátt sem að ofan greinir, þá skal því heimilt að verja vöxtunum að meiru eða minna leyti, í eitt skifti eða oft, til að verðlauna eða styðja vísindalega starfsemi íslenskra kvenna, er útskrifaðar séu frá Háskóla Íslands, eða styrkja þær til utanfarar í vísindalegu skyni.

5. gr.

Sjóðurinn stendur að öllu leyti undir stjórn háskólaráðsins. Það semur árlegan reikning sjóðsins, og skal hann birta annaðhvort í Stjórnartíðindunum eða í ársriti því, er háskólinn kann að gefa út, og slíkir reikningar eiga heima í.

6. gr.

Á stofnskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Fyrir hönd gefandanna.

Í samskotanefnd Minningarsjóðs Hannesar Hafsteins.

Reykjavík 12. febrúar 1912.

Guðrún Björnsdóttir
formaður

Ágústa Sigfúsdóttir
féhirðir